

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2015/462

2018/EES/31/01

frá 19. mars 2015

**um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur við samþykki eftirlityfirvalda um að stofna félög með sérstakan tilgang, fyrir samstarf og upplýsingaskipti milli eftirlitsyfirvalda að því er varðar félög með sérstakan tilgang, sem og form og sniðmát fyrir gögn sem félög með sérstakan tilgang eiga að skila í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2009/138/EB (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldpólsáætlun II) <sup>(1)</sup>, einkum a- og b-lið 2. mgr. 211. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Félög með sérstakan tilgang (e. *special purpose vehicles*) þurfa samþykki eftirlitsyfirvalda áður en þau taka á sig áhættu frá váttrygginga- og endurtryggingafélögum. Skilyrðin og málsmeðferðarreglurnar sem fylgja á við veitingu og afturköllun þessa samþykkis, þ.m.t. kröfur um upplýsingar, falla undir tilskipun 2009/138/EB og ætti þessi reglugerð að koma þeim til fyllingar.
- 2) Ef félag með sérstakan tilgang yfirtekur áhættu frá fleiri en einu váttrygginga- eða endurtryggingafélagi ætti félag með sérstakan tilgang að eiga eignir sem jafngilda eða eru umfram samanlagðar hámarksáhættuskuldbindingar þess að teknu tilliti til hvernar einstakrar samningsbundinnar skyldu. Þegar eftirlitsyfirvald veitir samþykki sitt ætti það að leggja mat á það hvort þessi skuldbinding sé uppfyllt og taka til athugunar hvert og eitt samningsbundið fyrirkomulag og yfirfærslu áhættu.
- 3) Mikilvægt er að setja málsmeðferðarreglur um samvinnu og upplýsingaskipti milli eftirlitsyfirvalda, ef félag með sérstakan tilgang hefur staðfestu í aðildarríki sem er ekki aðildarríki þar sem váttrygginga- eða endurtryggingafélagið, sem það yfirtekur áhættu frá, hefur staðfestu. Samvinna og upplýsingaskipti milli þessara eftirlitsyfirvalda er sérstaklega mikilvæg í ferlinu við samþykki eftirlitsyfirvalds á félagi með sérstakan tilgang. Ef um er að ræða verulegar breytingar sem mögulega hafa áhrif á það hvort félag með sérstakan tilgang uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 211. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og ef starfsleyfi er afturkallað eða fellur úr gildi er samvinna og upplýsingaskipti milli þessara eftirlitsyfirvalda einnig nauðsynleg til að tryggja árangursríkt og skilvirkt eftirlit.
- 4) Kröfur um skýrslugjöf um eftirlit, sem settar eru fram í 325. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 <sup>(2)</sup>, ættu að gera eftirlitsyfirvöldum félags með sérstakan tilgang kleift að meta samfellda reglufylgni við hinar viðeigandi kröfur. Sniðmátin sem sett eru fram í þessari reglugerð ættu að koma til fyllingar þessum kröfum.
- 5) Til að fá skýrari skilning á viðeigandi tæknireglum sem mæla skal fyrir um er nauðsynlegt að skilgreina hugtakið félag með sérstakan tilgang sem yfirtekur áhættu samkvæmt fleiri en einum samningi (e. *multi-arrangement special purpose vehicle*).
- 6) Þessi reglugerð byggir á frumvarpi að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA) lagði fram fyrir framkvæmdastjórnina.
- 7) Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahóps í váttryggingum og endurtryggingum, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 <sup>(3)</sup>.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 76, 20.3.2015, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. EB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldpólsáætlun II) (Stjtið. ESB L 12, 17.1.2015, bls. 1).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

- 8) Til að auka réttarvissu um eftirlitsreglurnar á innleiðingartímabilinu sem kveðið er á um í 308. gr. a tilskipunar 2009/138/EB og sem hefst 1. apríl 2015, er mikilvægt að tryggja að þessi reglugerð öðlist gildi eins fljótt og mögulegt er, daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

#### **Efni**

Í þessari reglugerð eru settar fram:

- a) málsmeðferðarreglurnar sem ber að fylgja við veitingu og afturköllun samþykkis eftirlitsfirvalds fyrir því að koma á fót félögum með sérstakan tilgang,
- b) málsmeðferðarreglurnar sem ber að fylgja við samvinnu og upplýsingaskipti milli eftirlitsfirvalds aðildarríkisins þar sem félaginu með sérstakan tilgang er komið á fót og eftirlitsfirvalds aðildarríkisins þar sem váttrygginga- eða endurtryggingafélagið sem yfirfærir áhættu hefur staðfestu,
- c) form og sniðmát sem skal nota vegna árlegra gagnaskila félagsins með sérstakan tilgang.

*2. gr.*

#### **Skilgreining**

Að því er varðar þessa reglugerð merkir „félag með sérstakan tilgang sem yfirtekur áhættu samkvæmt fleiri en einum samningi“ félag með sérstakan tilgang sem yfirtekur áhættu samkvæmt fleiri en einu samningsbundnu fyrirkomulagi frá einu eða fleiri váttrygginga- eða endurtryggingafélögum.

*3. gr.*

#### **Samþykki eftirlitsfirvalds fyrir því að koma á fót félögum með sérstakan tilgang**

Félag með sérstakan tilgang skal sækja um leyfi eftirlitsfirvalds aðildarríkisins til að koma á fót höfuðstöðvum sínum innan yfirráðasvæðis þess aðildarríkis.

*4. gr.*

#### **Ákvörðun eftirlitsfirvaldsins**

1. Eftirlitsfirvald aðildarríkisins þar sem félag með sérstakan tilgang hefur staðfestu eða þar sem fyrirhugað er að koma því á fót skal taka ákvörðun um umsókn um starfsleyfi innan sex mánaða frá dagsetningu viðtöku.
2. Í ákvörðun þess um að veita leyfi sitt skal eftirlitsfirvaldið tilgreina hvaða starfsemi félag með sérstakan tilgang hefur leyfi til að stunda og, ef við á, alla skilmála og skilyrði varðandi þessa starfsemi.
3. Í ákvörðun um synjun starfsleyfis skulu allar ástæður tilgreindar og skal eftirlitsfirvaldið tilkynna viðkomandi félagi um þær.

*5. gr.*

#### **Kröfur um skjalfesta staðfestingu og upplýsingar**

Þegar sótt er um samþykki eftirlitsfirvalds um stofnsetningu skal félag með sérstakan tilgang sýna fram á að kröfurnar, sem settar eru fram í 318.–324. gr., 326. og 327. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, séu uppfylltar og að félagið með sérstakan tilgang geti uppfyllt kröfurnar sem settar eru fram í 325. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 með því að setja fram skjalfesta staðfestingu þess efnis í umsókn sinni. Við framlagningu umsóknar um starfsleyfi skal umsækjandinn a.m.k. leggja fram frekari gögn eins og fram kemur í I. viðauka. Gögnin skulu ná yfir fyrirkomulag félagsins með sérstakan tilgang, áhættuna sem fyrirhugað er að yfirtaka og fjármögnun viðkomandi félags með sérstakan tilgang.

*6. gr.***Afturköllun starfsleyfis**

1. Eftirlitsyfirvaldið sem veitir samþykkið fyrir starfsleyfi félags með sérstakan tilgang getur afturkallað starfsleyfi viðkomandi félags með sérstakan tilgang ef:
  - a) félagið með sérstakan tilgang uppfyllir ekki lengur upphaflegu skilyrðin fyrir samþykki fyrir starfsleyfi sem félaginu með sérstakan tilgang var veitt,
  - b) félag með sérstakan tilgang bregst alvarlega skyldum sem á því hvíla samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum.
2. Í tilvikinu sem um getur í b-lið 1. mgr. hér að ofan skal eftirlitsyfirvaldið líta svo á að félagið með sérstakan tilgang hafi brugðist skyldum sínum með alvarlegum hætti ef það uppfyllir ekki kröfuna um að vera áfram að fullu fjármagnað og eftirlitsyfirvaldið telur að félagið með sérstakan tilgang geti ekki uppfyllt þær aftur innan hæfilegs frests.
3. Ákvörðun um að afturkalla starfsleyfi skal ítarlega rökstudd og skal tilkynna hana félaginu með sérstakan tilgang án tafar.

*7. gr.***Félag með sérstakan tilgang sem yfirtekur áhættu samkvæmt fleiri en einum samningi**

1. Við umsókn um samþykki eftirlitsyfirvalds fyrir stofnsetningu félags með sérstakan tilgang sem yfirtekur áhættu samkvæmt fleiri en einum samningi skal umsækjandinn einnig sýna fram á, með hætti sem eftirlitsyfirvald hans telur fullnægjandi, að gjaldþol þess verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum af slitameðferð váttrygginga- eða endurtryggingafélags sem hann yfirtekur áhættu frá og að félagið með sérstakan tilgang sem yfirtekur áhættu samkvæmt fleiri en einum samningi geti alltaf uppfyllt gjaldþolskröfuna.
2. Þegar sýnt er fram á að gjaldþol félags með sérstakan tilgang verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum af slitameðferð neins váttrygginga- eða endurtryggingafélags sem áhætta er yfirtekin frá, skal félagið með sérstakan tilgang leggja fram fullnægjandi staðfestingu sem gerir eftirlitsyfirvaldi þess kleift að meta samanlagðar hámarksáhættuskuldbindingar þess og samanlagðar hámarksáhættuskuldbindingar að því er varðar hvert og eitt samningsbundið fyrirkomulag í tengslum við yfirfærslu áhættu frá váttrygginga- eða endurtryggingafélagi.
3. Við umsókn um samþykki eftirlitsyfirvalds fyrir stofnsetningu félags með sérstakan tilgang sem yfirtekur áhættu samkvæmt fleiri en einum samningi skal umsækjandinn leggja fram fullnægjandi staðfestingu á hann uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í 319.–321. gr. og 326. gr. framkvæmdarráðstafananna, sem taka tillit til hvers og eins samningsbundins fyrirkomulags, til að ákvarða hvort félag með sérstakan tilgang sem yfirtekur áhættu samkvæmt fleiri en einum samningi uppfyllir gjaldþolskröfuna.
4. Ef umsækjandinn getur ekki lagt fram fullnægjandi staðfestingu í samræmi við ákvæði 1.–3. mgr. skal eftirlitsyfirvaldið hafna umsókninni um stofnsetningu félags með sérstakan tilgang sem yfirtekur áhættu samkvæmt fleiri en einum samningi.

*8. gr.***Áframhaldandi samvinna milli eftirlitsyfirvalda**

1. Ef félag með sérstakan tilgang, sem yfirtekur áhættu frá váttrygginga- eða endurtryggingafélagi, er með staðfestu í aðildarríki sem er ekki aðildarríkið þar sem váttrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur starfsleyfi skulu hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld hafa samvinnu á áframhaldandi grundvelli.
2. Eftirlitsyfirvöldin skulu skiptast á upplýsingum sem varða framkvæmd eftirlitsverkefna, þ.m.t. upplýsingum um allar fyrirhugaðar eftirlitsaðgerðir gegn félaginu með sérstakan tilgang eða váttrygginga- eða endurtryggingafélögunum sem yfirfæra áhættu ef það getur haft áhrif á eftirlit með viðkomandi félagi með sérstakan tilgang eða váttrygginga- og endurtryggingafélögunum sem yfirfæra áhættu. Við slíkar aðstæður skulu eftirlitsyfirvöldin, án tafar, senda upplýsingar sín á milli.

*9. gr.***Fyrirframsamráð fyrir veitingu starfsleyfis**

Áður en starfsleyfi er veitt skal eftirlitsyfirvaldið, sem félag með sérstakan tilgang sækir um leyfi eftirlitsyfirvalds hjá, hafa samráð við eftirlitsyfirvald aðildarríkisins þar sem váttrygginga- eða endurtryggingafélagið sem yfirfærir áhættu hefur staðfestu.

*10. gr.***Tilkynning um breytingar**

Eftirlitsyfirvald félagsins með sérstakan tilgang skal án tafar senda allar viðeigandi upplýsingar sem það fær frá félaginu með sérstakan tilgang skv. 5. mgr. 325. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, varðandi allar breytingar sem gætu haft áhrif á það hvort félagið með sérstakan tilgang uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 318.–324. gr., 326. gr. og 327. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, til eftirlitsyfirvalds váttrygginga- eða endurtryggingafélagsins sem yfirfærir áhættu til viðkomandi félags með sérstakan tilgang. Eftirlitsyfirvaldið skal án tafar tilkynna um brot félagsins með sérstakan tilgang á gjaldþolskröfum.

*11. gr.***Tilkynning um afturköllun starfsleyfis**

Ef um er að ræða afturköllun á starfsleyfi félags með sérstakan tilgang skal eftirlitsyfirvald viðkomandi félags með sérstakan tilgang tilkynna eftirlitsyfirvaldi váttrygginga- eða endurtryggingafélags sem yfirfærir áhættu til þess félags með sérstakan tilgang um það án tafar.

*12. gr.***Sending ársskýrslu**

Eftirlitsyfirvald félags með sérstakan tilgang skal án tafar deila ársskýrslu þess, sem lögð er fram skv. 3. og 4. mgr. 325. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, með eftirlitsyfirvaldi váttrygginga- eða endurtryggingafélagsins sem yfirfærir áhættu til þess félags með sérstakan tilgang. Ef um er að ræða félag með sérstakan tilgang sem yfirtekur áhættu samkvæmt fleiri en einum samningi getur eftirlitsyfirvald viðkomandi félags aðeins deilt með eftirlitsyfirvöldum þeim hlutum skýrslunnar sem varða váttrygginga- og endurtryggingafélagið sem hefur staðfestu í aðildarríki þess eftirlitsyfirvalds.

*13. gr.***Tölulegt efni ársskýrslu**

Félagið með sérstakan tilgang skal, í samræmi við 325. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, árlega skila tölulegum upplýsingum til eftirlitsyfirvalds síns á formi og með sniðmátum, sem sett eru fram í II. viðauka og í samræmi við fyrirmælin í III. viðauka, og ná yfir:

- a) efni gagnaskila, eins og tilgreint er í sniðmáti SPV.01.01 í II. viðauka, samkvæmt leiðbeiningunum í III. viðauka samkvæmt tilvísun SPV.01.01,
- b) grunnupplýsingar um félag með sérstakan tilgang, eins og tilgreint er í sniðmáti SPV.01.02 í II. viðauka, samkvæmt leiðbeiningunum í III. viðauka samkvæmt tilvísun SPV.01.02,
- c) upplýsingar úr efnahagsreikningi félagsins með sérstakan tilgang, þar sem greint er á milli mikilvægra eignaflokka, skuldbindinga og eiginfjárliða, þ.m.t. skulda eða annars útgefins fyrirkomulags fjármögnunar, eins og tilgreint er í sniðmáti SPV.02.01 í II. viðauka, samkvæmt leiðbeiningunum í III. viðauka samkvæmt tilvísun SPV.02.01,
- d) upplýsingar um liði félags með sérstakan tilgang sem eru utan efnahagsreiknings, eins og tilgreint er í sniðmáti SPV.02.02 í II. viðauka, samkvæmt leiðbeiningunum í III. viðauka samkvæmt tilvísun SPV.02.02,
- e) áhættu sem er yfirtekin að því er varðar hvert og eitt samningsbundið fyrirkomulag í tengslum við yfirfærslu áhættu frá váttrygginga- eða endurtryggingafélagi, eins og tilgreint er í sniðmáti SPV.02.02 í II. viðauka, samkvæmt leiðbeiningunum í III. viðauka samkvæmt tilvísun SPV.03.01,
- f) skrá yfir skuldabréf og annað fjármögnunarfyrirkomulag útgefið að því er varðar hvert og eitt samningsbundið fyrirkomulag varðandi yfirfærslu áhættu frá váttrygginga- eða endurtryggingafélagi, eins og tilgreint er í sniðmáti SPV.03.02 í II. viðauka, samkvæmt leiðbeiningunum í III. viðauka samkvæmt tilvísun SPV.03.02.

*14. gr.***Tölulegar upplýsingar í ársskýrslu**

Félag með sérstakan tilgang skal, í samræmi við 325. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, leggja árlega fram til eftirlitsyfirvalds síns tölulegar upplýsingar sem ná yfir eftirfarandi:

- a) fullnægjandi lýsingu á grundvelli, aðferðum og forsendum fyrir mati á eignum,

- b) fullnægjandi lýsingu á grundvelli, aðferðum og forsendum fyrir ákvörðun á samanlögðum hámarksáhættuskuldbindingum,
- c) upplýsingar um hagsmunaárekstra milli félagsins með sérstakan tilgang, váttrygginga- eða endurtryggingafélaganna og lán- eða fjármögnunarveitenda,
- d) upplýsingar um öll umtalsverð viðskipti sem félagið með sérstakan tilgang tók þátt í á síðasta reikningstímabili,
- e) upplýsingar til að sýna fram á að félagið með sérstakan tilgang verði áfram fjármagnað að fullu, þ.m.t.:
  - i. lýsing á áhættunni, þ.m.t. lausafjárahættu og mælanlegri áhættu, sem félagið með sérstakan tilgang yfirtekur,
  - ii. upplýsingar um skuldagerninga sem gefnir eru út eða annað fjármögnunarfyrirkomulag sem komið er á,
- f) ef félagið með sérstakan tilgang hefur ekki uppfyllt samfelld kröfuna um að vera að fullu fjármagnað á reikningstímabilinu skal félagið með sérstakan tilgang birta allar viðeigandi upplýsingar um það og viðkomandi úrbætur skv. 326. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 á reikningstímabilinu,
- g) tölulegar upplýsingar um allar breytingar sem gætu haft áhrif á það hvort félag með sérstakan tilgang uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 318.–324. gr., 326. gr. og 327. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.

15. gr.

#### Lýsing á áhættu sem félag með sérstakan tilgang yfirtekur

Við lýsingu á áhættu sem yfirtekin er, eins og krafist er í 14. gr., skal félag með sérstakan tilgang veita upplýsingar í ársskýrslu sinni um:

- a) hvort áhættan sem er yfirtekin sé aðallega í flokki líf- eða skaðatrygginga,
- b) hvers konar kveikjuatburðir eigi við um þessa áhættu,
- c) hvort kveikjuatburður hafi átt sér stað á reikningstímabilinu, sem hefur haft í för með sér kröfu í eignir félagsins með sérstakan tilgang,
- d) hvort einhver fjárhæð hafi verið greidd út vegna kröfu á reikningstímabilinu, og ef svo er, hversu mikið hafi verið greitt út hingað til og hvort kveikjuatburðurinn hafi neikvæð áhrif á lausafjárstöðu félagsins með sérstakan tilgang,
- e) hvort áhættulýsing félagsins með sérstakan tilgang hafi breyst verulega frá síðasta reikningstímabili eða frá upphaflegu skilmálanum og skilyrðunum eins og þau voru tilkynnt eftirlitsyfirvaldinu við veitingu starfsleyfis.

16. gr.

#### Upplýsingar um skuldagerninga sem gefnir eru út eða annað fjármögnunarfyrirkomulag sem komið er á

Við veitingu upplýsinga um skuldagerninga sem gefnir eru út eða annað fjármögnunarfyrirkomulag sem komið er á, eins og krafist er í 14. gr., skal félag með sérstakan tilgang gefa skýrslu um eftirfarandi:

- a) afrakstur skuldabréfaútgáfu eða annars fjármögnunarfyrirkomulags og hvort hann hafi verið greiddur að fullu að því er varðar hvert og eitt samningsbundið fyrirkomulag í tengslum við yfirfærslu áhættu frá váttrygginga- eða endurtrygginga-félagi,
- b) tegundir þrepa fjármögnunarfyrirkomulagsins, þar sem tilgreint er áhættulag eða þrep, þ.m.t. upplýsingar um mat utanaðkomandi aðila eða innra mat sem beitt er á útgefna skuldagerninga og, ef um það er að ræða, hvaða lánshæfismatsfyrirtæki voru notuð,
- c) ástæður þess að fjármögnunarfyrirkomulag telst nægilega traust til að tryggja áframhaldandi vernd gegn mögulegum kröfum váttrygginga- eða endurtryggingafélaga sem yfirfæra áhættu til félagsins með sérstakan tilgang, til að geta áfram staðið straum af þeim fjárhæðum sem það ber ábyrgð á er þær koma til greiðslu og til að tryggja útgreiðslufyrirkomulag skulda- eða fjármögnunarfyrirkomulags,
- d) alla skuldagerninga sem hafa verið felldir niður, endurkeyptir eða innleystir, að hluta til eða að fullu, síðan þessir gerningar voru gefnir út, og aðgreint fyrir núverandi reikningstímabil.

17. gr.

#### **Aðferðir við gagnaskil**

Félög með sérstakan tilgang skulu skila tölulegum hluta skýrslunnar sem um getur í 13. gr. til eftirlitsyfirvalds með rafrænum hætti og ótölulegum hluta skýrslunnar sem um getur í 15. gr. á rafrænu læsilegu sniði.

18. gr.

#### **Gjaldmiðlar og einingar**

1. Félag með sérstakan tilgang skal skila öllum peningamálagögnum úr skýrslunum, sem um getur í 13. gr., í þeim gjaldmiðli sem félagið með sérstakan tilgang gerir upp í. Í þeim tilgangi skal umreikna aðra gjaldmiðla í uppgjörsgjaldmiðilinn með því að beita gildandi gengi gjaldmiðla við lok reikningstímabilsins.

2. Félag með sérstakan tilgang skulu skila tölugildum í samræmi við eftirfarandi snið:

- a) gagnapunkta af gagnategundinni „fjárhæð“ skal setja fram með lágmarksnákvæmni sem er jafngild einingum,
- b) gagnapunkta af gagnategundinni „heil tala“ skal setja fram án tugastafa með nákvæmni sem er jafngild einingum.

19. gr.

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. mars 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## I. VIÐAUKI

Í fylgiskjölunum, sem um getur í 5. gr. þessarar reglugerðar, skal eftirfarandi koma fram:

1. skýr og ítarleg framsetning og greining í formi skipulagsrits sem tilgreinir alla viðkomandi aðila sem taka þátt í viðskiptunum, þ.m.t. hlutaðeigandi váttrygginga- eða endurtryggingafélag, sem falla undir eftirlit annarra eftirlitsyfirvalda en eftirlitsyfirvaldsins sem ber ábyrgð á veitingu starfsleyfis til félagsins með sérstakan tilgang,
2. upplýsingar um auðkenni og hæfi upphaflegs útgefanda eða umsýsluaðila félagsins með sérstakan tilgang, ef þessi aðili er annar en váttrygginga- eða endurtryggingafélagið sem yfirfærir áhættu til félagsins með sérstakan tilgang,
3. upplýsingar um váttrygginga- eða endurtryggingafélagið sem yfirfærir áhættu til félagsins með sérstakan tilgang,
4. auðkenni og hæfi aðilanna sem eru, eða verða, eftir atvikum, tilnefndir til að starfa sem vörsluaðilar eigna félagsins með sérstakan tilgang,
5. upplýsingar um auðkenni og hæfi aðilanna sem eru, eða munu verða, starfsmenn félagsins með sérstakan tilgang, þ.m.t. upplýsingar um aðila sem stýra í reynd félaginu með sérstakan tilgang,
6. upplýsingar um auðkenni og hæfi aðilanna sem eiga, eða vænst er að munu eiga, virkan eignarhlut, beint eða óbeint í félaginu með sérstakan tilgang ásamt fjárhæð þessarar eignarhlutdeildar,
7. upplýsingar um auðkenni og hæfi aðilanna sem veita eða munu veita félaginu með sérstakan tilgang rekstrar- eða sérfræðipjónustu, s.s. endurskoðun,
8. stofnsamningur og samþykktir félagsins með sérstakan tilgang, eða drög að þeim,
9. upplýsingar um upphafleg váttryggingarskírteini váttrygginga- eða endurtryggingafélagsins þar sem kemur skýrt fram hvaða áhættu váttrygginga- eða endurtryggingafélagið tók upphaflega og verður yfirfærð til félagsins með sérstakan tilgang, þ.m.t. mat og lýsing á því með hvaða hætti yfirfærsla afsalaðrar áhættu og eftirstaðir áhættuþættir munu vera í samræmi við kröfurnar í 320. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35,
10. upplýsingar um drög að samningsbundnu fyrirkomulagi í tengslum við yfirfærslu áhættu milli félagsins með sérstakan tilgang og váttrygginga- eða endurtryggingafélags, þ.m.t. lýsing á því hvernig samningurinn muni uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 210., 211., 319. og 320. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Í lýsingunni skal setja fram:
  - a) alla viðeigandi kveikjuatburði eða fyrirkomulag samkvæmt samningnum,
  - b) samanlagt hámark áhættuskuldbindinga samningsins,
11. mat sem sýnir hvernig rekstrarform að lögum og stjórnarhættir félags með sérstakan tilgang teljast uppfylla kröfurnar í 210., 319., 320., 324., 326. og 327. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Matið ætti einnig að veita álit á því hvort rekstrarform að lögum sem valið er fyrir félagið með sérstakan tilgang veiti framfylgjanlega vernd samkvæmt lögum fyrir eignir félagsins með sérstakan tilgang og tryggi þar með að gjaldþol félagsins með sérstakan tilgang verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum í samræmi við kröfurnar í b-lið 318. gr. og 321. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Eftirfarandi þættir skulu felast í matinu:
  - a) útskýring á því hvernig félagið með sérstakan tilgang er, eða mun verða, fjármagnað að fullu, þ.m.t. viðeigandi próf, á borð við álagspróf og sviðsmyndapróf, til að ákvarða hvort krafan um fjármögnun að fullu hafi verið uppfyllt og hvernig þeirri stöðu verði viðhaldið,
  - b) upplýsingar um eigið fé félagsins með sérstakan tilgang, þ.m.t. stærð, vöxt, mögulega samþjöppun fjárfesta, og um hlutdeild stjórnar félagsins með sérstakan tilgang í því eigin fé,
  - c) upplýsingar um mótaðila að hinu samningsbundna fyrirkomulagi í tengslum við yfirfærslu áhættu frá váttrygginga- eða endurtryggingafélagi til félagsins með sérstakan tilgang, þ.m.t. lýsing á hlutverki félagsins með sérstakan tilgang og váttrygginga- eða endurtryggingafélagsins, sem og hlutverk og deili á öðrum þáttakendum, þ.m.t. en ekki takmarkað við, handhafa víxla, viðskiptastjóra og þjónustuaðila reikningseigenda og vörsluaðila og sjóði, forstöðumenn eigna, viðskiptastjóra og umsýsluaðila viðskiptanna. Þetta skal einnig fela í sér mat á gildandi kröfum um samstæðureikningsskil félagsins með sérstakan tilgang innan samstæðu,
  - d) upplýsingar um mælanlega áhættu félagsins með sérstakan tilgang, þ.m.t. upplýsingar um lausafjáráhættu og lausafjárátun félagsins með sérstakan tilgang,

- e) upplýsingar um áhættu fyrirhugaðrar fjárfestingaráætlunar félagsins með sérstakan tilgang,
  - f) upplýsingar um það hvort félagið með sérstakan tilgang uppfylli gjaldþolskröfuna skv. 327. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35,
  - g) upplýsingar um yfirfærslu áhættu, þ.m.t. mat á verulegum eftirstæðum áhættuþáttum, þ.m.t. grunnáhættu,
  - h) upplýsingar um áhættuvarnargerninga og notkun þeirra, ef um þá er að ræða, s.s. vaxtaskiptasamninga eða gjaldmiðla-samninga,
  - i) upplýsingar um allar skuldbindingar utan efnahagsreiknings til að styðja við félagið með sérstakan tilgang, þ.m.t. ábyrgðir eða annars konar mildun útlánaáhættu sem seld er eða með öðrum hætti veitt félaginu með sérstakan tilgang,
  - j) fjármögnunarspár á væntum líftíma félagsins með sérstakan tilgang,
  - k) tryggingafræðilegt mat á yfirtekinni váttryggingaáhættu,
  - l) drög að áætlun sem tilgreinir aðferðir félagsins með sérstakan tilgang við gagnaskil, sem gerð eru til að uppfylla kröfurnar í 325.–327. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, þ.m.t. sérstök viðfangsefni, sem gefa skal skýrslu um, sem tilgreind eru í 2. mgr. 325. gr. og 1. og 2. mgr. 326. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 og varðandi með hvaða hætti verulegar breytingar yrðu tilkynntar eftirlitsyfirvaldinu,
12. upplýsingaskjöl um viðskipti, eða drög að þeim, að því er varðar útgáfu skulda eða fjármögnunarfyrirkomulag, og yfirfærsla áhættu til veitenda slíkra skulda eða fjármögnunarfyrirkomulags, til að útskýra hvernig áfram verði farið að 210., 211., 320. og 321. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Í þessum gögnum ætti eftirfarandi að koma fram:
- a) lýsing eða útboðsgögn eða samningur um lokað útboð, eða drög að þessu,
  - b) mat eða skýrsla lánshæfismatsfyrirtækis fyrir útgáfu félags með sérstakan tilgang á fjármögnunargerningum,
  - c) upplýsingar varðandi mögulega notkun fjárhagslegra tryggingaraðila á sérhvert „áhættulag“ víxla sem gefnir verða út,
  - d) samningur við vörsluaðila, ef slíkur samningur er fyrir hendi, eða drög að honum,
  - e) að því er varðar skuldir eða fjármögnunarfyrirkomulag, upplýsingar um lausafjárætlun félagsins með sérstakan tilgang fyrir útgefnu fjármálagerningana, þ.m.t. uppbygging og lagskipting, tegundir staðna og reglur um afturköllun handhafa víxils,
  - f) upplýsingar um áhættu fjárfestingaráætlunar félagsins með sérstakan tilgang,
  - g) samningar, eða drög að þeim, og upplýsingar um alla áhættuvarnargerninga, s.s. vaxtaskiptasamninga eða gjaldmiðla-samninga,
  - h) viðskiptagögn, eða drög að þeim, sem gilda um þá hluta samningsbundins fyrirkomulags sem varða yfirfærslu áhættu frá váttrygginga- eða endurtryggingafélagi til félagsins með sérstakan tilgang, sem skilja má sem tengd viðskipti skv. 3. mgr. 210. gr. og 2. mgr. 320. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Þetta getur, eftir atvikum, innihaldið samninga við aðra þátttakendur í viðskiptunum, sem og samninga um útvistun og þjónustu,
13. ef félag með sérstakan tilgang, sem hafði starfsleyfi fyrir 31. desember 2015, hefur nýja starfsemi eftir 31. desember 2015 skal félagið með sérstakan tilgang tilgreina allar viðeigandi upplýsingar um það með hvaða hætti núverandi starfsemi félagsins með sérstakan tilgang getur haft áhrif á heildaráhættusnið í tengslum við nýja starfsemi.



## II. VIÐAUKI

## Sniðmát skýrslugjafar félaga með sérstakan tilgang

## SPV.01.01 — Inntak gagnaskila

Kóði sniðmáts	Heiti sniðmáts		C0010
SPV.01.02	Grunnupplýsingar	R0010	
SPV.02.01	Efnahagsreikningur	R0020	
SPV.02.02	Utan efnahagsreiknings	R0030	
SPV.03.01	Yfirtekin áhætta	R0040	
SPV.03.02	Skuldir eða annað fjármögnunarfyrikomulag	R0050	

## SPV.01.02 — Grunnupplýsingar

		C0010
Heiti þess félags með sérstakan tilgang sem leggur fram skýrslu	R0010	
Auðkenniskóði	R0020	
Tegund kóða	R0030	
Heimaland félagsins með sérstakan tilgang	R0040	
Skýrsluskiladagur	R0050	
Viðmiðunardagsetning	R0060	
Gjaldmiðill skýrslugjafar	R0070	
Áhætta sem er yfirtekin fyrir milligöngu aðskilinna samninga	R0080	
Uppfyllt krafa um fulla fjármögnun allt reikningstímabilið	R0090	

## SPV.02.01 — Efnahagsreikningur

		Gildi
Eignir		C0010
Innstæður og útlán	R0010	
Verðbréfuð lán	R0020	
Skuldabréf	R0030	
Aðrar verðbréfaðar eignir	R0040	
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum	R0050	

	<b>Gildi</b>	
Afleiðusamningar	R0060	
Eignir sem eru ekki fjáreignir (þ.m.t. fastafjármunir)	R0070	
Samtala annarra verulegra eignaflokka	R0080	
Aðrar eignir	R0090	
<b>Heildareignir</b>	R0100	
<b>Skuldir</b>	<del> </del>	<del> </del>
Lán og móttæknar innstæður	R0110	
Útgefin skuldabréf	R0120	
Afleiðusamningar	R0130	
Samtala annarra mikilvægra skuldaflokka	R0140	
Aðrar skuldbindingar	R0150	
<b>Heildarskuldir</b>	R0160	
<b>Eigið fé</b>	<del> </del>	<del> </del>
<b>Eigið fé alls</b>	R0170	

Lýsing á liðum	<b>Gildi</b>	
C0020		C0010
Aðrir mikilvægir eignaflokkar 1	R0180	
...	<del> </del>	

Lýsing á liðum	<b>Gildi</b>	
C0020		C0010
Aðrir mikilvægir skuldaflokkar 1	R0190	
...	<del> </del>	

Lýsing á liðum	<b>Gildi</b>	
C0020		C0010
Eiginfjárliður 1	R0200	
...	<del> </del>	

**SPV.02.01 — Utan efnahagsreiknings**

	<b>Bókfært virði</b>	
<b>Liðir utan efnahagsreiknings</b>		C0010
Ábyrgðaryfirlýsingar sem félag með sérstakan tilgang hefur tekið beint við	R0010	
Veðtryggingar til umráða	R0020	
Samtala annarra liða utan efnahagsreiknings	R0030	
<b>Skuldbindingar utan efnahagsreiknings</b>	<del> </del>	<del> </del>
Veðsettar tryggingar	R0040	
Samtala annarra skuldbindinga utan efnahagsreiknings	R0050	

## Lýsing á liðum

		<b>Bókfært virði</b>
C0020		C0010
Liður utan efnahagsreiknings 1	R0060	
...	<del> </del>	

## Lýsing á liðum

		<b>Bókfært virði</b>
C0020		C0010
Skuldbinding utan efnahagsreiknings 1	R0070	
...	<del> </del>	

SPV.03.01 — Yfirtekin áhætta

		Fyrir- komulag	Útgáfu- dagur	Útgáfa/notkun sem hefst fyrir fram- kvæmd tilskipunar 2009/138/EB	Heiti þess sem yfirfærir áhættuna	Kóði þess sem yfirfærir áhættuna	Tegund kóða	Samanlagðar hámarksáhættu- skuldbindingar á hvern samning	Eignir vegna aðgrein- anlegrar áhættu	Uppfyllt krafa um fulla fjármögnun fyrirkomulagsins allt rekn- ingstímabilið	Tímalengd
		C0010	C0020	C0030	C0040	C0050	C0060	C0070	C0080	C0090	C0100
Samtals	R0010										
Áhætta 1	R0020										
...	...										

## SPV.03.02 — Skuldir eða annað fjármögnunarfyrirkomulag

		Samningur	Lýsing á skuld eða öðru fjármögnunarfyrirkomulagi sem gefið er út í samræmi við samning	Fjárhæð skuldar eða annars fjármögnunarfyrirkomulags sem gefið er út í samræmi við samning
		C0010	C0020	C0030
<b>Samtals</b>	R0010			
Skuld eða annað fjármögnunarfyrirkomulag 1	R0020			
...				

## III. VIÐAUKI

Þessi viðauki inniheldur viðbótarleiðbeiningar í tengslum við sniðmátin sem eru í II. viðauka við þessa reglugerð. Fyrsti dálkur taflnanna tilgreinir liðina sem skýra á frá með því að tilgreina reitina eins og þeir eru settir fram í sniðmátinu í II. viðauka.

Ef félagið með sérstakan tilgang er krafist um að bæta tilteknum rökstuðningi við töluleg gögn skal ekki leggja fram útskýringarnar í sniðmátinu heldur skal félagið með sérstakan tilgang fella þær inn í frásagnarhluta upplýsinga sem skilað er til eftirlitsyfirlvaldsins.

## SPV.01.01 — Inntak framlagningar

Reitur	Liður	Leiðbeiningar
R0010/C0010	Grunnupplýsingar	Tilkynnt
R0020/C0010	Efnahagsreikningur	Nota skal einn af valkostunum í eftirfarandi endanlegum lista: 1 — Tilkynnt 9 — Ekki tilkynnt (í þessu tilviki er krafist rökstuðnings).
R0030/C0010	Utan efnahagsreiknings	Nota skal einn af valkostunum í eftirfarandi endanlegum lista: 1 — Tilkynnt 2 — Ekki tilkynnt og/eða enginn liður utan efnahagsreiknings, 9 — Ekki tilkynnt önnur ástæða (í þessu tilviki er krafist rökstuðnings).
R0040/C0010	Yfirtekin áhætta	Nota skal einn af valkostunum í eftirfarandi endanlegum lista: 1 — Tilkynnt 9 — Ekki tilkynnt (í þessu tilviki er krafist rökstuðnings).
R0050/C0010	Skuldir eða annað fjármögnunarfyrirkomulag	Nota skal einn af valkostunum í eftirfarandi endanlegum lista: 1 — Tilkynnt 9 — Ekki tilkynnt (í þessu tilviki er krafist rökstuðnings).

## SPV.01.02 — Grunnupplýsingar

Deild	Liður	Leiðbeiningar
R0010/C0010	Heiti þess félags með sérstakan tilgang sem leggur fram skýrslu	Heiti þess félags með sérstakan tilgang sem leggur fram skýrsluna til eftirlitsyfirlvaldsins.
R0020/C0010	Auðkenniskóði	Auðkenni félags með sérstakan tilgang með eftirfarandi forgang: — Auðkenni lögaðila (LEI) — Auðkenniskóði sem notaður er á staðbundnum markaði, sem landsbundið eftirlitsyfirlvald úthlutar.
R0030/C0010	Tegund kóða	Auðkenning kóðans sem notaður er í liðnum „Auðkenniskóði“. Nota skal einn af valkostunum í eftirfarandi endanlegum lista: 1 — LEI 2 — Staðbundinn kóði
R0040/C0010	Heimaland félagsins með sérstakan tilgang	ISO 3166-1 alfa-2-kóði landsins þar sem félagið með sérstakan tilgang hefur fengið leyfi.

Deild	Liður	Leiðbeiningar
R0050/C0010	Skýrsluskilaskiladagur	ISO 8601 (áááá-mm-dd) kóði dagsetningarinnar þegar skýrslan til eftirlitsyfirvaldsins er gerð.
R0060/C0010	Viðmiðunardagsetning	ISO 8601 (áááá-mm-dd) kóði dagsetningarinnar sem tilgreinir síðasta dag reikningstímabilsins.
R0070/C0010	Gjaldmiðill skýrslugjafar	ISO 4217 bókstafskóði gjaldmiðils fjárhæðanna sem notaður er í hverri skýrslu fyrir sig.
R0080/C0010	Áhætta sem er yfirtekin fyrir milligöngu aðskilinna samninga	Tilgreinið fjölda aðgreindra áhætta sem félag með sérstakan tilgang hefur fengið leyfi til að yfirtaka samkvæmt skilmálum og skilyrðum sem eftirlitsyfirvald þess setur.
R0090/C0010	Uppfyllt krafa um fulla fjármögnun allt tímabilið	Að tilgreina hvort krafan um fulla fjármögnun var uppfyllt milli tveggja reikningstímabila. Nota skal eftirfarandi endanlegan lista: 1 — Full fjármögnun uppfyllt 2 — Full fjármögnun ekki uppfyllt

**SPV.02.01 — Efnahagsreikningur**

Reitur	Liður	Leiðbeiningar
R0010/C0010	Innstæður og útlán	Virði innstæða og útlána skv. 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Þessi liður skal innihalda: Allar innstæður Lán sem félag með sérstakan tilgang hefur veitt Reiðufé
R0020/C0010	Verðbréfuð lán	Virði verðbréfaðra lána sem félag með sérstakan tilgang hefur keypt skv. 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
R0030/C0010	Skuldabréf	Virði eigna í skuldabréfum skv. 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Það felur í sér víkjandi lán í formi skuldabréfa.
R0040/C0010	Aðrar verðbréfaðar eignir	Virði annarra verðbréfaðra eigna sem ekki falla undir liðinn „Verðbréfuð lán“ (C0010/R0020) eða „Skuldabréf“ (C0010/R0030) skv. 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
R0050/C0010	Hlutabréf og hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum	Virði hlutabréfa og hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum til umráða skv. 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
R0060/C0010	Afleiðusamningar	Virði fjármálaafleiða með jákvætt virði skv. 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
R0070/C0010	Eignir sem eru ekki fjáreignir (þ.m.t. fastafjármunir)	Virði efnislegra og óefnislegra eigna, annarra en fjáreigna, skv. 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
R0080/C0010	Samtala annarra verulegra eignaflokka	Heildarfjárhæð annarra verulegra eignaflokka
R0090/C0010	Aðrar eignir	Virði allra annarra eigna sem ekki falla undir fyrri liði skv. 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

Reitur	Liður	Leiðbeiningar
R0100/C0010	Heildareignir	Heildarvirði eigna félagsins með sérstakan tilgang.
R0110/C0010	Lán og móttæknar innstæður	Virði skulda félagsins með sérstakan tilgang við lánardrottna, aðrar en þær sem hljóttast af útgáfu framseljanlegra verðbréfa.
R0120/C0010	Útgefin skuldabréf	Virði verðbréfa sem félag með sérstakan tilgang hefur gefið út, önnur en hlutabréf skv. 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
R0130/C0010	Afleiðusamningar	Virði fjármálaafleiða með neikvætt virði skv. 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
R0140/C0010	Samtala annarra mikilvægra skuldaflokka	Heildarfjárhæð annarra mikilvægra skuldaflokka
R0150/C0010	Aðrar skuldbindingar	Virði allra annarra skuldbindinga sem ekki falla undir fyrri liði skv. 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
R0160/C0010	Heildarskuldir	Samtala skuldbindinga félagsins með sérstakan tilgang.
R0170/C0010	Eigið fé alls	Samtala eigin fjár félagsins með sérstakan tilgang.
R0180/C0020	Aðrir mikilvægir eignaflokkar 1	Lýsing á mikilvægum eignaflokkum. Tilgreinið eins marga aðra mikilvæga eignaflokka og þarf til að veita skýra mynd af eðli mikilvægra eignaflokka félagsins með sérstakan tilgang.
R0180/C0010	Aðrir mikilvægir eignaflokkar 1 — Virði	Virði hvers mikilvægs eignaflokks.
R0190/C0020	Aðrir mikilvægir skuldaflokkar 1	Lýsing á mikilvægum skuldaflokkum. Tilgreinið eins marga aðra mikilvæga skuldaflokka og þarf til að veita skýra mynd af eðli mikilvægra eignaflokka félagsins með sérstakan tilgang.
R0190/C0010	Aðrir mikilvægir skuldaflokkar 1 — Virði	Virði hvers mikilvægs skuldaflokks.
R0200/C0020	Eigið fé (Mikilvægir liðir)	Lýsing á mikilvægum eiginfjárliðum. Samkvæmt ákvörðun hvers félags með sérstakan tilgang fyrir sig, að teknu tilliti til eðlis mikilvægra liða í eigu þess félags með sérstakan tilgang sem gefur skýrsluna og með samræmdum hætti yfir reikningstímabil.
R0200/C0010	Eiginfjárliður 1	Virði hvers eiginfjárliðar sem skýrt er frá skv. 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

**SPV.02.01 — Utan efnahagsreiknings**

Reitur	Liður	Leiðbeiningar
R0010/C0010	Ábyrgðaryfirlýsingar sem félag með sérstakan tilgang hefur tekið beint við	Bókfært virði ábyrgðaryfirlýsinga sem félag með sérstakan tilgang hefur tekið beint við.
R0020/C0010	Veðtryggingar til umráða	Bókfært virði veðsins sem félagið hefur til umráða.



Reitur	Liður	Leiðbeiningar
R0030/C0010	Samtala annarra liða utan efnahagsreiknings	Bókfært virði hvers og eins annars liðar utan efnahagsreiknings sem skýrt er frá.
R0040/C0010	Veðsettar tryggingar	Bókfært virði veðsettra trygginga.
R0050/C0010	Samtala annarra skuldbindinga utan efnahagsreiknings	Bókfært virði hvernar og einnar annarrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings sem skýrt er frá.
R0060/C0020	Liður utan efnahagsreiknings 1	Lýsing á öðrum liðum utan efnahagsreiknings. Félag með sérstakan tilgang skal skýra frá eins mörgum liðum og þörf krefur.
R0060/C0010	Liður utan efnahagsreiknings 1 — Bókfært virði	Bókfært virði hvers og eins annars liðar utan efnahagsreiknings sem skýrt er frá.
R0070/C0020	Skuldbinding utan efnahagsreiknings 1	Lýsing á öðrum skuldbindingum utan efnahagsreiknings. Félag með sérstakan tilgang skal skýra frá eins mörgum liðum og þörf krefur.
R0070/C0010	Skuldbinding utan efnahagsreiknings 1 — Bókfært virði	Bókfært virði hvernar og einnar annarrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings sem skýrt er frá.

**SPV.03.01 — Yfirtekin áhætta**

Reitur	Liður	Leiðbeiningar
R0010/C0070	Samtala — Samanlögð hámarksáhættuskuldbinding á hvern samning	Samtala samanlagðrar hámarksáhættuskuldbindingar félagsins með sérstakan tilgang C0070/R0010 = Summa (C0070/R0020)
R0010/C0080	Alls — Eignir vegna aðgreinanlegrar áhættu	Virði heildareigna SPV.03.01 C0080/R0010 = Summa (C0080/R0020) = SPV.02.01.C0010/R0100
R0020/C0010	Samningur	Ef um er að ræða félag með sérstakan tilgang sem yfirtekur áhættu samkvæmt fleiri en einum samningi skal veita upplýsingar um hvern og einn samning (hver aðgreinanleg yfirtekin áhætta). Þessi liður tilgreinir kóða áhættufyrirkomulagsins.  Eftirlitsyfirvaldið úthlutar kóða skal nota hann. Ef svo er ekki skal félagið með sérstakan tilgang úthluta kóða sem skal vera sá sami yfir reikningsárin og ekki endurnýttur.  Fjöldi lína sem tilkynnt er um skal vera sá sami og fjöldinn sem tilgreindur er í SPV.01.02.C0010/R0080
R0020/C0020	Útgáfudagur	ISO 8601 (áááá-mm-dd) kóði útgáfudags fyrir hvern og einn aðgreinanlegan samning um áhættu.
R0020/C0030	Útgáfa/notkun sem hefst fyrir framkvæmd tilskipunar 2009/138/EB	Auðkenning ef samningur er gerður fyrir 31. desember 2015. Notaður skal eftirfarandi endanlegan lista: 1 — Fyrir 31. desember 2015 2 — Eftir 31. desember 2015
R0020/C0040	Heiti þess sem yfirfærir áhættuna	Heiti váttrygginga- eða endurtryggingafélags sem yfirfærir áhættu til félagsins með sérstakan tilgang.

Reitur	Liður	Leiðbeiningar
R0020/C0050	Kóði þess sem yfirfærir áhættuna	Auðkenniskóði þess sem yfirfærir áhættuna, samkvæmt eftirfarandi forgangi, ef um hann er að ræða: Auðkenni lögaðila (LEI) Sértækur kóði. Sértækur kóði: Fyrir váttrygginga- og endurtryggingafélög innan Evrópska efnahagssvæðisins: auðkenniskóði eins og sá sem notaður er á staðbundnum markaði, sem eftirlitsyfirvald félagsins hefur úthlutað, Fyrir félög utan Evrópska efnahagssvæðisins og félög sem ekki falla undir eftirlit, auðkenniskóði sem félag með sérstakan tilgang úthlutar. Við úthlutun auðkenniskóða til hvers og eins félags sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins eða sem fellur ekki undir eftirlit skal fara að eftirfarandi sniði með samræmdum hætti: auðkenniskóði félags + ISO 3166-1 alfa-2-kóði lands félagsins + 5 tölustafir
R0020/C0060	Tegund kóða	Auðkenning kóðans sem notaður er í liðnum „Kóði þess sem yfirfærir áhættuna“ (C0050). Nota skal einn af valkostunum í eftirfarandi endanlegum lista: 1 — LEI 2 — Sértækur kóði
R0020/C0070	Samanlögð hámarksáhættuskuldbinding á hvern samning	Virði á hvern samning fyrir samanlagða hámarksáhættuskuldbindingu.
R0020/C0080	Eignir vegna aðgreinanlegrar áhættu	Virði heildareigna á hvern samning
R0020/C0090	Uppfyllt krafa um fulla fjármögnun fyrirkomulagsins allt reiknings tímabilið	Að tilgreina hvort krafan um fulla fjármögnun var uppfyllt milli tveggja reikningstímabila. Nota skal eftirfarandi endanlegan lista: 1 — Full fjármögnun uppfyllt 2 — Full fjármögnun ekki uppfyllt
R0020/C0100	Tímalengd	Virði eftirstöðva líftíma samningsins í mánuðum.

### SPV.03.02 — Skuldir eða annað fjármögnunarfyrirkomulag

Reitur	Liður	Leiðbeiningar
R0010/C0030	Samtala — Fjárhæð skulda eða annarra fjármögnunarsamninga sem gefin eru út í samræmi við samning	Virði allra útgefinna skuldabréfa SPV.03.02.C0030/R0010 = Summa (C0030/R0020) = SPV.02.01.C0010/R0120
R0020/C0010	Samningur	Ef um er að ræða félag með sérstakan tilgang sem yfirtekur áhættu samkvæmt fleiri en einum samningi skal veita upplýsingar um hvern og einn samning (hver aðgreinanleg yfirtekin áhætta). Þessi liður tilgreinir kóða áhættufyrirkomulagsins Eftirlitsyfirvaldið úthlutar kóða skal nota hann. Ef svo er ekki skal félagið með sérstakan tilgang úthluta kóða sem skal vera sá sami yfir reikningsárin og ekki endurnýttur. Fjöldi lína sem tilkynnt er um skal vera sá sami og fjöldinn sem tilgreindur er í SPV.01.02.C0010/R0080.

R0020/C0020	Skuldir eða annað fjármögnunarfyrikomulag 1	Lýsing á skuldum eða öðru fjármögnunarfyrikomulagi sem gefið er út í samræmi við samning, þ.m.t. tilvísun viðskipta. Nota skal eins margar línur og þörf krefur per samning til að skýra frá hverju og einu útgefnu skuldabréfi.
R0020/C0030	Fjárhæð skulda eða annars fjármögnunarfyrikomulags sem gefið er út í samræmi við samning	Virði hvernar skuldabréfaútgáfu eða annars fjármögnunarfyrikomulags.